



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

4. ágúst 2011
31. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Annað hvort voru menn íhald eða kratar

- og annað hvort í Herði eða Vestra. Fótboltamaðurinn gamli, bæjarfulltrúinn og bankamaðurinn Högni Þórðarson segir í léttum dúr frá langri og viðburðaríkri ævi á Ísafirði. Stíllinn á ísfirskum knattspyrnumönnum náði hæstu hæðum þegar þeir keyptu sér KR-búninga ... Sjá viðtal í miðopnu.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi



Mikill fjöldi áhorfenda var á leiknum.

KR of stór biti fyrir BÍ

BÍ/Bolungarvík tapaði fyrir KR í undanúrslitum bikarkeppni karla í fótbolta á Torfnessvelli á sunnudag. KR sigraði 4:1 en staðan var 1:1 fram á 80. mínútu. Það var Gunnar Már Elíasson sem jafnaði fyrir Vestfirðinga á 43. mínútu, nokkrum mínútum eftir að KR komst yfir. Mikill fjöldi áhorfenda var á leiknum en talið er að þeir hafi verið ríflega 1.700 talsins.

Guðjón Þórðarson, þjálfari BÍ/Bolungarvíkur, sagði í viðtali við Stöð2 Sport að betra liðið hefði unnið. Guðjón sagðist hafa verið nokkuð sáttur við hvernig leikurinn þróaðist og KR hafi ekki fengið mörg færi framan af í síðari hálfleik. Hann sagði hins vegar að einbeitingarleysi hafi gert vart við sig hjá hans mönnum og KR hafi refsað fyrir það.

Þess má geta að þetta var í 17. sinn sem KR kemst úrslit bikarkeppni KSÍ en í fyrsta sinn sem BÍ/Bolungarvík kemst í undanúrslitin. *– thelma@bb.is*



Slasaðist eftir fall

Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti mann á þrítugsaldri frá Ísafirði til Reykjavíkur aðfaranótt mánudags eftir að hann hafði fallið af sviði á dansleik og hlotið hryggáverka. Að sögn læknis á bráðadeild er lífan mannsins eftir atvikum.

Á Ísafirði fór lokahóf Mýraboltans fram og samkvæmt upplýsingum frá lögreglu gekk skemmtanahald næturinnar vel fyrir sig þrátt fyrir talsverða ölvun. Varðstjóri þakkar það öflugu eftirliti Lions-manna.

Leituðu af kajakræðurum

Björgunarsveitir á norðanverðum Vestfjörðum voru kallaðar út um helgina til að leita af tveimur ferðamönnum. Mennirnir höfðu lagt af stað í kajakróður á föstudagskvöld og ætluðu að vera komnir til baka um kvöldmatarleyti á laugardag. Samkvæmt ferðaplani sem þeir skildu eftir, ætluðu þeir að sigla frá Flateyri í Önundarfirði til Staðardals í Súgandafirði og gista þar yfir nóttina. Þegar ekkert spurðist til manna sigldi sá sem leigði þeim kajakana þessa leið en fann mennina ekki. Hann kallaði því eftir aðstoð björgunarsveita og lögreglu.

Eftir klukkutíma leit fundust mennirnir við Galtarvita, norðanmegin við Súgandafjörð en þeir höfðu breytt ferðaáætlun sinni og farið í land við vitann og ætluðu að gista þar. Ekkert amaði af mönnum. Slysavarnarfélagið Landsbjörg brýnir fyrir mönnum að halda sig við ferðaáætlanir eða láti vita þegar henni er breytt.

Varað við tínslu kræklinga

Þór Gunnarsson, skelfisksérfræðingur hjá Matvælastofnun, varar fólk við að tína skelfisk til neyslu yfir sumar tímenn. Í samtali við ruv.is segir Þór að skelfiskseitrun geti verið alvarleg og nauðsynlegt sé að bregast strax við henni.

Einkennin geta verið magapestir, truflun á taugaboðum, öndararferfiðleikar, doði og jafnvel minnsleysi. Eitraður skelfiskur hefur nokkrum sinnum fundist á Vestfjörðum.

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 4. - 7. ágúst

samkaupurval.is



Góð kaup!

649

496 kr/kg

Tex Mex kjúklingavængir frá Ísfugli



35% afsláttur

2.398

1.559 kr/kg

Úrvals svínalundir úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

Sjá uppskrift á samkaupurval.is
Steikt svínalæri með timían, hunangi og appelsínusafa!



30% afsláttur

Úrvals svínalæri

1.189 kr/kg

úr kjötborði eða pakkað ferskt

verð áður 1.698 kr/kg



Svína-
rifjabitar
kryddaðir
frá Kjötseli

349 kr/kg

verð áður 498 kr/kg

30% afsláttur



Bökunar-
kartöflur

140 kr/kg

verð áður 279 kr/kg

...sjá uppskrift:
Steiktir svínaskankar með fenniku, pipar og kartöflum

50% afsláttur

Úrvals svínaskankar

249 kr/kg

úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

verð áður 498 kr/kg

50% afsláttur



Hnetur frá Coop:
Pistasíuhnetur

150g 367 kr/pk

Hunangsristaðar
hnetur

100g 318 kr/pk

Skráðu þig á póstlistann á samkaupurval.is

og þú færð helgartilboðin send ásamt uppskrift með tölvupósti á hverjum fimmtudagsmorgni!



Aðskilnaðarsamtökin vorðu titilinn

Aðskilnaðarsamtök Vestfjarða hömpuðu mýraboltabikarnum, urðu Mýraboltameistarar í ár og stærsta bikar í íslenski íþrótt-

sögu. Jóhann Bæring Gunnarsson, er hæstánægður með mótið. „Þetta var frábært mót. Allt gekk að óskum, öll framkvæmd og mótið sjálft, og veðrið var gott sem hefur mikið að segja. Skipuleggjendur mótsins eru mjög ánægðir og ég held að allir þátttakendur hafi farið sáttir heim.“

Fimmtíu og þrjú lið voru skráð til leiks og voru leikmenn um 700 talsins. Leikmenn óðu drullu langt upp að hnjám og subbuskapurinn var síst minni en síðustu ár, en keppt hefur verið í þessari aurugu íþrótt á Ísafirði frá árinu 2004. Stór hluti leikmanna var nær óþekktur fyrir óhreinindum, öllum þeim ótal áhorfendum sem fylgdust með gamninu. Meðþáttaka var á mótinu í ár.

Aðskilnaðarsamtök Vestfjarða

vorðu titil sinn frá því í fyrra sem Evrópumeistarar í mýrabolta. Mýraboltabikarinn er sameiginlegur fyrir bæði karla- og kvennadeild og er veittur á grundvelli vinningshlutfalls. FC Rangstæðir unnu silfurverðlaun og Píkubanar kræktu í bronsið. Í kvennadeildinni sigruðu FC Drulluflokkar. Drullusokkur Mýraboltans, Ofurkonur unnu til silfurverðlauna og Purple cobras náðu þriðja sætinu.

Veitt voru ýmis önnur verðlaun t.d. var drullugasti leikmaðurinn Eyþór Jónvinsson í liðinu Adda Magg, Kropparnir þóttu vera í flottustu búningum og Sultuparduasar voru þrúðasta liðið. Sigurvegarar í drulluteygjunni þetta árið voru Daníel Þór Þorsteinsson og Auður Anna Jónsdóttir.

Þá var met slegið í ár í fjölda kæra og voru margar þeirra lesnar upp á lokahófinu en enginn var óhultur hvað þær varðar. Til að mynda kærði liðið Aggressive alpine skiing mýraboltabikarinn fyrir að vera of lítinn, leka og vera óhæft drykkjarlát. Skraplið kvenna A kærði sjálft sig fyrir ömurlega frammistöðu og Men in tights lögðu fram kæru á hendur Hákonni Hermannssyni, dómara og verslunarstjóra, fyrir að eiga ekki tónik, greip eða lime í Samkaupum á laugardagskvöldinu. Þess var krafist, með vísan í almenn hegningarlög nr. 40/1944, að Hákon yrði sendur í skóggang á Bíldudal frá og með nónbili 1. ágúst og eigi ekki afturkvæmt. Meðfylgjandi myndir voru teknar á mótinu.

– thelma@bb.is







Skógarbúar skemmtu sér

Sumarbústaðareigendur í Tunguskógi í Skutulsfirði héldu sína árlegu skógarhátíð á laugardag en þessi viðburður hefur jafnan sett mikinn svip á Tungudalinn síðustu ár. Kveikt er upp í hinni árlegu brennu þar sem er sungið, spiluð tónlist, skrafað og skemmt sér.

„Þetta heppnaðist mjög vel. Það var mjög góð mæting en þarna koma saman skógarbúar og gestir þeirra. Einnig slæddust

þarna með nokkrir úr Mýraboltanum sem urðu varir við brennuna og komu uppeftir til að sjá hvað væri á seyði“, segir Níels Björnsson, skógarbúi og brennstjóri. Við brennuna voru lagið tekið við undirspil Baldur Geirmundssonar á harmóníkkju. Þá tóku BG og Ingibjörg sín bestu lög fyrir viðstadda.

Níels segir að hátíðin hafi verið haldin á laugardegi um verslunarmannahelgina í mörg ár, senni-

lega frá því að bústaðarbyggðin byrjaði í skóginum. Hátíðin hefur vakið svo mikla lukku að skógarbúum dettur ekki í hug að yfirgefa Tunguskóg yfir verslunarmannahelgina. Eftir að mýraboltinn komst á laggirnar í dalnum hafi myndast enn meira líf á svæðinu.

„Eina skiptið sem við hjónin voru ekki viðstödd var í fyrra þegar við vorum að bíða eftir fyrsta barnabarninu. Það er eina afsökunin sem tekin er gild.“



Spurningin

Ætlar þú að taka þátt í Evrópumeistaramótinu í mýrabolta?

Alls svöruðu 309.
Já sögðu 15 eða 5%
Nei sögðu 294 eða 95%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Ákveðin norðaustanátt og rigning, en þurr að kalla SV-lands. Hiti 8-18 stig, hlýjast á SV-landi. **Horfur á laugardag:** Ákveðin norðaustanátt og rigning, en þurr að kalla SV-lands. Hiti 8-18 stig, hlýjast á SV-landi. **Horfur á sunnudag:** Norðaustlægg átt. Væta með A- og SA-ströndinni en skýjað með köflum V-lands. Hiti 8-16 stig.

Ritstjórnargrein

Leikið á hörpu!

Neró lék á Hörpu meðan Róm brann. Og ku hafa látið sér fátt um finnast. Gömul og ný sannindi eru að sagan endurtekur sig. Á hvaða hljóðfæri skyldi hafa verið leikið meðan Flateyri brann? Meðan Önfirðingar töldu að unnið væri að uppgjöri þrotabús Eyrarodda ehf. með hagsmuni þeirra að leiðarljósi? Einu gildir hvaða hljóðfæri var notast við. Það sem máli skiptir er: Hvernig stendur á því að svo er málum komið, sem raun ber vitni? Við því fást engin svör, frekar en við öðru í samfélagi þar sem enginn veit hvað var orðið, hvurs eða hvurs er hvað í dag; samfélagi þar sem tekist er á um milljarða króna í skjóli lagaflækja þar sem eina augljósa leiðin virðist vera að láta hagsmuni fjöldans lönd og leið.

„Ég vissi ekki annað fyrir hálfum mánuði (bb.is. 28.07) en það lægi fyrir samkomulag milli bústjóra Lontu, Toppfisks og kröfuhafa um farsæla lausn málsins,“ segir Eiríkur Finnur Greipsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, um þá ákvörðun Toppfisks að draga tilboð sitt til baka. „Við þurfum að fá að vita af hverju það gerðist.“ Eiríkur Finnur segir „endalaust vísað til einhverra lagaflækja, mögulegrar málshöfðunar og svo framvegis. Mér sýnist ekkert tillit tekið til þess hvaða heildarhagsmunir eru í húfi. Hér er heilt samfélag undir sem brennur á meðan málin eru þvæld fram og til baka. Það eru allir agndofa yfir því hvernig hægt sé að gera einföld mál svona

flókin.“ Og Eiríkur Finnur segist hafa fullvissu fyrir því að Landsbankinn hafi lagt ríka áherslu á lausn sem miðaði að því að koma upp öflugri starfsemi á Flateyri. Sama hafi hann heyrt frá Byggðastofnun. Þá segir Eiríkur Finnur, að það sé gjörsamlega óskiljanlegt að málefni Flateyrar skuli komin í „pattstöðu eða jafnvel verri stöðu en þau voru í upphafi.“ Orð að sönnu og skal undir þau tekið.

Í byrjun apríl var haft eftir Hjalta Árnasyni, lögfræðingi Byggðastofnunar: „Ef það á að koma af stað starfsemi til framtíðar (á Flateyri) þá verður að gera þetta vel.“ Maðurinn væntanlega minnugur orðatiltækisins, að vel skal vanda, sem lengi á að standa. Ekki þarf mörg orð við að hafa um vönduðu vinnubrögðin sem heitið var. Útkoman álíka trúverðug og að skatan hafi elt skinn í brók, eins og segir í öfugmælavísunni!

Flateyringar eiga afdráttarlausu kröfu á að spilin verði lögð á borðið. Hver ber ábyrgð á þessum dæmalausvinnubrögðum? Hver er hörpuleikarinn? Almennigur liggur kýldur úti í vegkanti eftir hrúnið, er mat sér-staks saksóknara.

Má draga þá ályktun af leikaraskapnum í kringum Eyraroddamálið að Flateyringum hefði átt að vera þetta ljóst og þar með hver staða þeirra væri?

Og að þar við verði látið sitja?

s./h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X



198
KR. KG

KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBASVIÐ



1498
KR. 900G

EUROSHOPPER FROSNAR
KJUKLINGABRINGUR



1398
KR. KG

ÞÝSKAR FROSNAR
GRISALUNDIR

ÍS KALT VERÐ Í BÓNUS



EUROSHOPPER
FROSIÐ FERSKT
GRÆNMETI



FROSIÐ BROKKÓLÍ 1 KG
298 KR.

FROSIÐ BROKKÓLÍ MIX 1 KG
298 KR.

FROSIN GRÆNMETISBLANDA (WOK) 1 KG
298 KR.

FROSIN SUMARBLANDA 1 KG
298 KR.

FROSNAR GULRÆTUR 450G
129 KR.

FROSNIR SVEPPIR 450G
198 KR.

FROSINN MAÍS 450 GR
98 KR.



Úr rimaskóm á reitunum yfir í pólitík og bankamál

– Högni Þórðarson bankamaður, íþróttافرömuður og bæjarfulltrúi lítur yfir farinn veg í spjalli við Stefán Jóhann Stefánsson

Hann man tímana tvenna – íþróttافرömuðurinn, bankamaðurinn og bæjarfulltrúinn frá Ísafirði, Högni Þórðarson. Meðal hans fyrstu minninga úr boltanum eru kappleikir strákanna á Eyrinni á velli við saltfiskreitina á Riis-túninu neðan við gamla barnaskólahúsið á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar. Þægindi voru þá metin með öðrum hætti þegar rafmagn og sími voru varla á hverju heimili og lengri ferðalög voru nær einungis stunduð á bátum og skipum. Síðustu árin hefur Högni hins vegar deilt tíma sínum á milli Spánar og Íslands og gætir þess að hafa ferðatölvuna með svo hann geti spjallað við afkomendurna á Skypinu.

Högni Þórðarson er fæddur í húsi afa síns Magnúsar prentara í Sólögðu 1 hinn 6. febrúar 1924 og er því orðinn 87 ára. Hann er elstur barna Þórðar Jóhannssonar úrsmíðs og Kristínar Magnúsdóttur konu hans. Högni gerði bankamál að sínu ævistarfi (45 ár), en hann hóf störf í Útvegsbankanum árið 1945 og var þar lengi útíbússtjóri. Fljótlega varð hann einnig bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn, þá fyrst í minnihluta, en síðustu árin kusu sjálfstæðismenn og reyndar fulltrúar úr öllum flokkum hann til æðstu metorða í bæjarpólitíkinni, er hann varð forseti bæjarstjórnar 1971.

Þótt Högni kynni orðið ýmislegt fyrir sér í hinni pólitísku bardagalist ætlaði hann sér engan frekari frama á þeim vettvangi. Það voru þó yfirstjórnendur Útvegsbankans á landsvísi sem sáu til þess að hann hætti nokkrum árum fyrr en hann ætlaði sér þegar þeir kröfðust þess að hann hætti í pólitík ef hann ætlaði sér að verða áfram útíbússtjóri. Högni sættist á það.

Úr Vestra í Hörð

Framan af voru það þó íþróttirnar sem áttu hug hans allan. Högni var í stjórn Harðar í 9 ár og formaður félagsins frá 1948 til 1950, en þó byrjaði hann í Vestra. „Það var vegna þess að móðurbræður mínir, Jónas Magnússon kaupmaður og Halldór prentari, voru báðir í Vestra. Þeir voru miklir íþróttamenn, og sérstaklega góðir afreksmenn í fim-

leikum. En reyndar var lítið um yngri flokka starf í Herði og Vestra á fyrstu áratugum í starfi félaganna þannig að við strákarnir stofnuðum okkar púkafélög og þar hófst mín knattspyrnuíðkun.“

Fjögur púkafélög af þessu tagi voru starfandi á Ísafirði þegar Högni var að alast upp. Hlíðarvegsþúkar voru með eitt félag, Króksþúkar voru með annað, en þeirra heimavöllur var aðalkeppnisvöllur bæjarins við Grund, ofan við Íshúsfélagið, en sá völlur gekk undir nafninu Hrossataðsvöllur. Neðar á Eyrinni voru tvö önnur félög. Annað þeirra var Njörður sem var aðallega skipaður strákum sem bjuggu fyrir neðan Aðalstrætið. Í þeim hópi var Matthías Bjarnason síðar ráðherra, sem reyndist þó strax liðtækari í pólitíkinni en boltanum. Aðrir í Nirði voru strákarnir í Björnsbúð, þeir Garðar og Aðalbjörn Guðmundssynir, Matthías Jónsson síðar smíður, Guðmundur Sigurðsson (kallaður Gvendur kýlir vegna þrumusparka sinna), Garðar Einarsson (kvæntur Jóhönnu systur Gvendar kýlis og faðir Bjarna Garðars).

„Ég var hins vegar í fjórða félaginu“, segir Högni, „sem við kölluðum Knattspyrnufélag Ísafjarðar (KÍ). Með mér voru vinur minn Gunnlaugur Ó. Guðmundsson, síðar póstmáður og mikill krati, synir Finnbjörns málara, Óskar Aðalsteinn (bróðir Láka kokks sem margir muna eftir) en hann var oft í markinu, Ásgeir Einarsson og Finnbjörn Þorvaldsson á Felli og svo Hörður Helgason, síðar sendiherra, svo nokkrir séu nefndir. Við útbyggjum sjálfir völl á hluta reitanna neðan við Barnaskólann, komum fyrir mörkum og merktum línur með salti eins og þá tíðkaðist.“

Félagsaðstaða í kjallarherberginu

Á barnsárunum voru menn ekkert að fara svo mikið á milli bæjarhluta og því voru fyrstu leikir Högna með KÍ gegn Nirði. Það var líka talsvert félagslíf hjá strákunum í kringum þetta og þá skipti máli að hafa góða aðstöðu. Högni bjó að því að Þórður úrsmíður faðir hans hafði ásamt

Jónasi Tómassyni tónskáldi, Elíasi Kærnsted skósmíð, Matthíasi Sveinssyni kaupmanni og Einari og Kristjáni klæðskerum og fleirum tekið þátt í að byggja húsalengjuna við Silfurtorgið og upp með Hafnarstræti, sem átti eftir að verða eitt af helstu kennileitum Ísafjarðarbæjar. Högni segist ekkert skilja í því hvernig þessir karlar hafi farið að þessu á árunum 1928 og 1929 að koma þessu upp. Einhver bankalán fengust sjálfsgagt. Í hverri einingu voru tvær meginhæðir, kjallari og ris. Högni var svo heppinn að fá eitt kjallaraherbergi til afnota fyrir ýmsa félagsstarfsemi í tengslum við fótboltann.

„Þarna gátum við komið saman og þegar okkur vantaði pening fyrir bolta eða öðrum búnaði héldum við þarna hlutaveltur og var miðinn minnir mig seldur á 2 aura stykkið. Svo sýndum við kvikmyndir, en Hörður Helgason átti handknúna kvikmyndasýningarvél og þrjár myndir, líklega eina Chaplinmynd og tvær með Harold Loyd. Þetta sýndum við aftur og aftur og náðum inn nokkrum krónum.“

Liðsaðstaðan virtist þannig vera best hjá púkafélagi Högna, ef frá var talinn Hrossataðsvöllurinn sem Króksþúkar höfðu. Stíllinn á Knattspyrnufélagi Ísafjarðar náði þó hæstum hæðum þegar það keypti keppnisbúninga frá Reykjavík fyrir talsvert fé, en eiginlega fyrir misskilning, segir Högni, enda voru þetta KR-búningar.

Keyptu keppnis-treyjur nánast óvart

„Þannig var mál með vexti að það var strákur þarna á sumrin, Martin Pedersen. Einhverju sinni þegar hann fór suður hef ég orð á því við hann hvort hann geti ekki kannað hvort hægt sé að kaupa keppnisbúninga í höfuðborginni. Stuttu síðar kemur pabbi til mín með póströfðu sem stíluð hafði verið á mig og spyr hvað það sé. Það hafði ég ekki hugmynd um, en þegar málið er kannað kemur í ljós að þetta eru keppnisbúningar. Nú voru góð ráð dýr því krafan var líklega upp á 2-300 krónur sem var talsvert mikið fé á þeim tíma. Við áttum einhverja aura í sjóði og pabbi spurði hvort

við gætum ekki haldið áfram að safna. Það varð svo úr að pabbi leysti út pakkann en við héldum áfram að safna fé á tombólum og með kvikmyndasýningum.“

Þarna bjargaði úrsmíðurinn heiðri sonarins sem var í staðinn duglegur að safna upp í skuldina með félögum sínum. Þórður hefur kunnað að meta þessa framtaksemi, en líklega var honum ekki mikil alvara í að innheimta alla skuldina því hann brosti í kampinn þegar strákarnir færðu honum aurana fyrst á eftir og sjálfsgagt var skuldin aldrei að fullu greidd. En búningarnir dugðu vel. Í fyrstu leikjunum á eftir var hálfur sigur unninn því andstæðingar báru svo mikla virðingu fyrir liði í svona flottum búningi.

Rúðuskuldin aldrei greidd

Það var líka önnur skuld sem púkarnir stofnuðu til sem aldrei var greidd. Þannig var mál með vexti að neðribæjarliðin Njörður og KÍ háðu marga keppni en lögðu stundum ekki í Króksþúkana sem þóttu heldur fremri í knattspyrnunni á þessum árum. Einhverjum datt þá það ráð í hug sem oft hefur komið upp síðan, þ.e. að sameina félögin, sem sagt Njörður og KÍ. Þá var það pólitískur refskaupur Matta Bjarna sem úrslitum réði og kom í veg fyrir áformin.

„Við boðuðum til fundar KÍ-púka og Njarðarpúka í kjallaraherbergi mínu. En þá varð fjandinn laus. Fundurinn var svo hávaðasamur að við vorum reknir út. Þegar við ætluðum að halda fundinum áfram í portinu á bak við húsið var rúða brotin og fundurinn leystist upp svo ekkert varð úr sameiningunni.“

Þarna var það Njarðarpúkinn Matthías Bjarnason, síðar ráðherra, sem sá til þess með vafasömum pólitískum meðulum að ekki tókst að afgreiða sameiningartillöguna, eins og Matthías segir sjálfur frá í bókinni Járnskarlinn eftir Örnólf Árnason þar sem hann ræðir um ævi sína og viðhorf (bls. 19 – 21).

Þar segir Matthías að oft hafi verið væringar með mönnum og komið til harðra átaka, enda hafi

knattspyrnan hvorki þá né síðar orðið til að milda hugi manna. Sjálfsgagt var Matthías þá með í huga að oft vantaði dómara á leiki og var því oft rifist um atvik á vellinum eins og gengur. Í bókinni segir Matti frá því að í KÍ hafi verið voðalega fínir strákar sem hafi meira að segja átt búninga. Þegar kom að því að neðribæjarpúkarnir hafi viljað sameina þessi tvö félög í eitt hafi honum, Njarðarpúkanum, orðið um og ó, því hann vildi alls enga sameiningu. Boðað var til fundar um málið í kjallaranum hjá Þórði úrsmíð og vissi Matti að leyfi fyrir fundinum hafði verið veitt gegn því skilyrði að fundarmenn hefðu ekki mjög hátt.

Matthías segist hafa verið í öngum sínum því hann vissi að hann hafði aðeins sex stuðningsmenn með sér gegn tillögunni. Með honum í liði var Kristmundur Gíslason, síðar bifreiðastjóri, sem var sagður mjög raddsterkur í þá daga. Þegar kom að því að bera upp tillöguna hnippti Matti í Kristmund og sagði að þeir skyldu æpa sem mest þeir mættu. Það stóð þá ekki á Þórði að koma niður í kjallarann og hann skipaði þeim að fara út og skammast sín fyrir að brjóta loforðið um að vera eins og menn. Flutningsmenn tillögunnar voru þó ekki af baki dottnir og vildu halda fundinum áfram í portinu á bak við húsið.

Þegar kom að því að bera tillöguna upp í annað sinn segir Matthías að það hafi farið að sjóða á honum. Hann hnippti þá aftur í Kristmund og sagði honum að taka upp stein og láta vaða í rúðuna í kjallaranum hjá Þórði. Þá kom úrsmíðurinn hlaupandi út ásamt klæðskerunum Einari og Kristjáni og ráku þeir strákaskarann burt. Ekki var gerð önnur tilraun til sameiningar þessara púkafélaga, en síðar þegar Högni minnti Kristmund reglulega á það í gamni að hann ætti eftir að borga rúðuna, með vöxtum og vaxtavöxtum náttúrulega, benti Kristmundur alltaf réttilega á Matta sem réttmætan greiðanda þeirrar skuldar. Matthías segir svo í bók sinni frá árinu 1992, um sextíu árum síðar, að líklega verði skuldin aldrei greidd úr þessu!

Þetta voru líklega fyrstu kynni

Högna af stjórnálagamanninum Matthíasi Bjarnasyni, en síðar áttu þeir eftir að starfa náið saman í bæjarpólitíkinni. Hann vill nú ekki viðurkenna að þetta atvik úr æsku hafi verið dæmigert fyrir Matta Bjarna. „Matthías tók sér ýmislegt fyrir hendur. Hann var mjög vel máli farinn og mikið foringjaefni.“

„Við Gulli hentum grjóti á nasistafundinn“

Reyndar var pólitíkin öðruvísi á millistríðsárunum. Hart var tekið á og nasistar reyndu að hasla sér völl. Högni man eftir því þegar tveir nasistaforingjar að sunnan komu vestur með boðskap sinn til að safna liði.

„Annar þeirra hét Gísli og var kallaður Gitler. Þetta var árið 1934 (Högni var þá 10 ára). Nasistaforingjarnir héldu til á Hernum og voru að gefa krökkum gosdrykkinn sítron sem menn sáu annars ekki nema á stórhátíðum eða við önnur sérstök tækifæri. Við Gulli æskuvinnur minn (Gunnlaugur Guðmundsson á pósthúsinu) fréttum af þessu og okkur langaði eðlilega í sítron-drykkinn svo við örkuðum upp að Herkastalanum. En þegar þangað kom voru allir sítron-drykkir búnir. Þess vegna neituðum við Gulli að ganga í flokkinn, en margir púkar sem höfðu fengið sítron-drykk létu skrá sig og fengu einhver merki eða borða.

Síðan boðuðu nasistaleiðtogarnir til fundar uppi í Stóru Urð. Við Gulli og aðrir sem ekki gengu í flokkinn læddumst upp á hrygginn yfir urðinni og fylgdumst með. Þegar nasistarnir fóru síðan að halda einhverjar ræður byrjuðu nokkrir úr okkar hóp að kasta grjóti í átt að nasistasamkomunni. Þá köstuðu einhverjir þaðan grjóti á móti og þetta endaði þá með allsherjargrjótkastríði og fundurinn leystist upp. Margir af strákonum sem þarna voru með nasistunum fóru síðan í pólitík, en mér hefur aldrei dottið í hug að kalla þá nasista. Það má hins vegar segja að ég hafi ekki gengið í lið með nasistunum af því að þeir voru búnir með sítronið! Það var mikill ljómi yfir Þýskalandi á þessum árum og það kom ekki í ljós fyrr en miklu síðar hvers konar grimmdarverk nasistarnir unnu.“

En aftur að boltanum. Sameining Njarðar og KÍ rann út í sandinn. Félagar Högna í KÍ fengu eftir þetta þá hugdettu að halda starfsemi áfram upp í fullorðinsflokk í stað þess að ganga í Hörð eða Vestra. Af því varð þó ekki. Strákarnir léku sína fótþoltaleiki á reitunum á sumrin, að jafnaði í sjö manna liðum. Á vetrum fóru menn á skíði og skauta og stunduðu líka jakahlaup á Pollinum þegar færi gafst, jafnvel í frímínútum og komu strákarnir þá oft sjóblautir í kenn-



slustund. Þjálfurum var lítt til að dreifa fyrir krakkana, en á þessum árum stofnaði Hörður fyrst til 3ja flokks karla og síðan Vestri. Og Högni spilaði fyrsta leikinn með Vestra gegn Herði árið 1936, þá nokkru yngri en aðrir og man það helst frá þeim leik að þá lærði hann rangstöðuregluna af mistökum sínum. Þá var Harðarliðið skipað fræknum köppum sem höfðu meira að segja farið suður til Reykjavíkur og lagt KR og Val að velli. Harðverjarnir unnu þá Vestra stórt. En síðar lá leið Högna yfir í Hörð.

„Jónas frændi sagði að Harðverjar hefðu lokkað mig yfir með snúð“

„Æfingar hjá Vestra voru fremur stopular á þessum tíma. Nokkrir skiptu með sér að stjórna æfingum en oft gleymdu einhverjir þjálfaranna að mæta eða komust ekki. Hins vegar var aðalþjálfarinn hjá Herði mikill áhugamaður, Halldór Sigurgeirsson. Sjálfur var hann asmasjúklingur, en hann hafði ódrepani áhuga á fótboltanum, las ensk blöð og kenndi okkur strákunum að sparka boltanum almennilega, að drepa knöttinn og fór yfir knattspyrnu-reglurnar. Svo kom hann skipulagi á leikinn, þannig að hver maður spilaði sína stöðu í stað þess að allur hópurinn væri hlaupandi á eftir boltanum í einni þvögu. Frændur mínir voru náttúrulega ekki hressir með þessi sinnskripti mín og Jónas Magg sagði að ég hefði látið Helga bakara kaupa mig yfir fyrir snúð! Ég man þó ekki eftir snúðnum heldur hinu að ég vildi fá almennilegar æfingar.“

Upp úr þessu fór Högni að keppa með Herði. Að jafnaði voru tvær aðalkeppnir á hverju sumri á milli félaganna Harðar og Vestra, og stundum annarra félaga á Vestfjörðum. Það var á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, og svo fór Vestfjarðamótið fram í ágúst. Svo fóru sameinuð lið Harðar og Vestra í keppnisferðir suður eða norður í land og skiptust þá gjarnan á að leika í búningum félaganna.

Leikið við breska hermenn

Á stríðsárunum var algengt að leikið væri við sjóliða af herskipum. „Um þetta leyti var á Ísafirði breskur hermaður sem hét Lesley, en hann hafði meðal annars leikið með Queens Park Rangers í Englandi. Hann tók þátt í öllum æfingum með okkur. Svo kom breskt skip í höfn og vildu sjóliðarnir keppa við okkur. Bretana vantaði reyndar einn mann, þótt Lesley spilaði með þeim, og var ég fenginn í lið

gestanna. Nokkrum áhorfendum mislíkaði það reyndar og kölluðu til mín að ég mætti ekki skora. Lesley stóð sig feykivél en Ísfirðingarnir höfðu þó betur.“

Stríðsárin voru svo mikill uppgangstími í atvinnulífinu að oft var lítill tími til knattspyrnuíðkunar. Bretar sendu stór fisktökuskip til Ísafjarðar á þeim árum og ungir menn unnu oft myrkuranna á milli við að skipa út fiski. Peningaleysi hafði líka plagað margan Íslendinginn og því tóku ungir menn vinnunni feginns hendu. Hinir áhugasömustu létu þetta þó ekki aftra sér.

Þannig var það eitt sinn þegar Högni var búinn að vinna heilan sólarhring í fisktökuskipi að Karl Bjarnason (bróðir Matthíasar) sem var um tíma formaður Harðar kemur til Högna og segir honum að koma að keppa síðar um daginn. Högni svaraði honum að hann hefði nú varla aldur í þann leik, auk þess sem hann væri búinn að vinna í heilan sólarhring. „En Karl sagði mér að mæta samt, svo ég fékk mér kríu og mætti í leikinn og tókst meira að segja að skora eitt mark gegn einhverju Reykjavíkufélaganna. Þá sagði Kalli: Ég vissi að helvítis strákurinn gæti þetta þótt hann væri búinn að vinna í sólarhring þegar ég sótti hann!“

Engin pólitík í Herði og Vestra

Högni segir að það hafi verið pólitík af tvennum og óskyldum toga á Ísafirði á þessum árum. Annað hvort hafi menn verið íhald eða kratar. Svo hafi menn annað hvort verið í Herði eða Vestra. Skiptingin í Hörð og Vestra fór ekkert eftir hverfum eða flokkspólitík heldur fyrst og fremst eftir kunningsskap. Kratararnir höfðu yfirhöndina í bæjarpólitíkinni á þessum árum en Harðverjar og Vestrapúkar skiptist á sigrum og ósigrum. Þannig skiptust liðin á að vinna svokallaðan Leós bikar, sem gefinn var af Leós-bræðrum, en stærst sigur Harðar var líklega árið 1948 þegar liðið vann Vestra 7:1. Högni segir frá því að Vestri hafi reyndar verið talið betra lið þá með menn eins og Guðmund Sigurðsson (Gvend Lóu) í markinu. „En okkur var uppálagt að skora strax og slá þá út af laginu. Og það gerðum við. Vestraliðið brotnaði hreinlega saman og við burstuðum þá.“

Sameinuð lið Harðar og Vestra gerðu svo víðreist á þessum árum. Fyrir utan að fara suður og norður og keppa við Siglfirðinga, Akureyringa og Reykjavíkurlíðin var efnt til frækilegrar ferðar til Færeyja árið 1949. „Við fórum með Catalinaflugbát, millilentum á Reyðarfirði til að taka eldsneyti og lentum svo á pollinum við Þórs höfn þar sem mikill mannfjöldi

tók á móti okkur, enda höfðu þeir víst ekki séð flugvél frá lokum stríðsins. Við kepptum í frjálsum íþróttum og lékum svo fjóra leiki við Færeyingana. Við unnum tvo og töpuðum tveimur. Síðasti leikurinn var við úrvalslið Færeyinga og var keppt um gríðarstóran bikar.

Um kvöldið var svo boðið til veislu í Sjönléikahúsið. Þangað var okkur boðið ásamt öllum helstu framámönnum í Færeyjum. Þegar leið á kvöldið fylltu þeir bikarinn stóra af ákavíti og létu hann ganga meðal fyrir-menna í salnum og okkar til að menn gætu dreypt á. Samt voru menn líka með stauþ sem fyllt voru reglulega. Aðrir fengu bara kaffi. Þetta þótti okkur nýlunda, en í lokin var svo stiginn færeyskur hringdans af miklum móð. Færeyingarnir komu svo í heim-sókn til okkar síðar. Við tókum vel á móti þeim, en þeir fengu þó ekkert brennivín.“

Úr boltanum í bæjarstjórnina

Sjálfur var Högni að keppa í knattspyrnu til 1952 en þá ristarbrotnaði hann á æfingu í leikfimisalnum. Brotið grer illa og háði honum í leik svo hann hætti keppni upp frá því, 28 ára gamall. En þá var sjálfsagt vinnan og fjölskyldan farin að krefjast meiri tíma, enda hafði frumburðurinn, Hörður, fæðst þeim hjónum Högna og Kristrínu Guðmundsdóttur.

Högni minnst margra úr knattspyrnu- og íþróttaiðkuninni frá uppvaxtarárunum á Ísafirði. Kunnugleg nöfn eru nefnd. Sem fyrr stendur nafn eins leikmanns upp úr sakir leikni og getu. „Halldór Sveinbjarnarson (fæddur 1919) var einstaklega góður leikmaður. Hann átti náttúrulega heima í landsliði. Hann var mjög teknískur og hafði gott auga fyrir knattspyrnunni. Ísfirðingar áttu marga fleiri góða knattspyrnumenn á þessum árum. Úr Herði má telja þá Guðmund L.Þ. Guðmundsson, Hauk og Guðmund Benediktssyni, Níels Guðmundsson málara, Svein Elíasson og Mugg á Grænagarði. Úr Vestra má telja Magga Guðjónsson, Benna á Pólnum og Friðrik Vilhjálmsson.“

Í samtali okkar Högna ber margt fleira á góma. Hann lýsir breytingum á aðstöðu allt frá því er strákarnir hlupu á eftir tuðrunni á reitunum með reimaðan bolta í skóm með rimum undir sólanum sem losnuðu svo að naglar stungust upp í ilina. Þá var maður sem kallaður var Elí pung, mikill Harðverji, sem var með verkfæri á hliðarlínunni til að laga skóna svo strákarnir gætu haldið áfram keppni. Elí seldi fisk í fiskbúð föður síns en veitti Harðarpúkum sérstök kjör þegar þeir keyptu í soðið. (Viðkvæði hans var: „Þrjár

krónur, fljóttir, þabbi er að koma.“)

Högni minnst líka þjálfarans Axels Andréssonar sem kom vestur og þjálfaði um tíma og notaði ýmsar nýstárlegar kerfisbundnar aðferðir. Ein var sú að láta leikmenn hlaupa í kapp eftir æfingar – og þá hlupu þeir mismunandi vegalengd eftir getu. Þannig var maður sem var mjög smáfaxinn og kallaður var Diddi dvergur látinn hlaupa styst, enda kom hann oft í mark með þeim fremstu. Þannig fengu allir að vera með.

Úr félagsmálunum í Herði og meðfram starfinu í Útvegsbankanum leiðist Högni út í pólitík, en hann var fyrst kjörinn í bæjarstjórn Ísafjarðar árið 1954 af lista Sjálfstæðismanna. Þar sat hann í þrjú kjörtímabil til 1966, en þótti þá komið nóg af fundarsetum og pólitísku vafstri. Þennan tíma voru Sjálfstæðismenn alltaf í minnihluta því Alþýðuflokksmenn réðu ferðinni. Högni þjálfaðist þó í pólitískum fangbrögðum í samstarfi og samskiptum við menn á borð við Matta Bjarna og Björgvin Sighvatsson (skólalstjóra), en þó ekki síst Birgi Finnsson, en hann nýtti sér ýmis trix sem hann lærði af þeim þegar hann var svo beðinn um að taka að sér forystu fyrir Sjálfstæðismenn í kosningunum 1970. Það gerði hann m.a. fyrir orð Bjarna Benediktssonar formanns Sjálfstæðisflokksins, en Matthías Bjarnason var þá kominn með báðar lappir á þing.

Eftir kosningarnar 1970 varð reyndar hálfgerð stjórnarkreppa í bæjarstjórninni. Þá klofnaði meirihluti vinstri manna þegar maður sem var þeim sumum ekki að skapi var kosinn bæjarritari. Sameiningarmálin við Hnífsdal höfðu líka gengið hálf brösulega, og meirihlutamyndun tafað eftir að kosið var um sameiningartilögu 1971. Högni var þó kosinn forseti bæjarstjórnar, meðal annars með tilstyrk Jóns Baldvins og Frjálslyndra og vinstri manna, en Jón Baldvin var stórhuga stjórnmalamaður sem fékk stórkostlegar hugmyndir þótt hann sæi ekki alltaf hvernig ætti að fylgja þeim eftir – og hann gat stundum lítið sinnt smámálum í nefndarstörfum sakir anna, enda með nýjan menntaskóla í mótn. Á endanum myndaði Sjálfstæðisflokkurinn svo meirihluta með Frjálslyndum og vinstri mönnum og Alþýðuflokksmanninum Sigurði Jóhannssyni.

Pólitískum afskiptum Högna lauk svo á því kjörtímabili, því yfirvald Útvegsbankans fyrir sunnan vildi ekki að hann væri að vasast í pólitík ef hann ætlaði sér að verða skipaður formlega útíbússtjóri, en því starfi hafði hann gengt frá 1967 er þáverandi útíbússtjóri, framsóknarmaðurinn Bjarni Guðbjörnsson, fór á þing. Högni minnst sérstaklega þriggja samherja sem hann starf-

aði lengst með í bæjarmálunum, Matthíasar Bjarnasonar, Marsellúsar Bernharðssonar og Kristján Jónssonar hafnsögumanns.

Bygging sjúkrahúss og stjórnsýsluhúss

Áður hafði Högni þó fengið því framgengt að hafin var bygging sjúkrahúss á Ísafirði. Reyndar var tillaga hans um það samþykkt þegar hann var í minnihluta. Honum sárnaði hins vegar tíminn sem fór í að reisa sjúkrahúsið. Ríkíð dritaði peningum til sjúkrahúsbygginga út og suður í smáskömmtum í stað þess að ljúka framkvæmdum á hverjum stað eftir ákveðinni röð.

Högni var minnugur þessa þegar hann átti þátt í því ásamt öðrum að reisa nýtt Stjórnsýsluhús á Ísafirði. Þá kom Högni að því sem útíbússtjóri Útvegsbankans og gerði það að skilyrði að hið opinbera tryggði að engar tafir yrðu á verkinu af þess hálfu. Það verk gekk líka mun betur og hraðar fyrir sig en sjúkrahúsið, eða á þremur árum. Bankinn tók að sér að greiða alla reikninga á byggingartímanum og rukka síðan eigendur miðað við eignarhluta þeirra. Í byggingarnefnd voru bæjarstjórnarnir Bolli Kjartansson og Haraldur L. Haraldsson, sem voru formenn, Brynjólfur Sigurðsson fyrir ríkissjóð, Jóhann T. Bjarnason fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga og fleiri aðila, og svo Högni Þórðarson fyrir Útvegsbankann. „Ég hef aldrei starfað í samheldnari nefnd. Síðan ég fluttist suður hef ég á hverju sumri heimsótt Ísafjörð og þá komið í bankann og Stjórnsýsluhúsið. Mér finnst aðdáunarvert hve vel Ísfirðingar ganga um þetta hús.“

Högni hefur frá ýmsu að segja úr íþróttunum og pólitíkinni, en ekki síður úr bankastarfsemi. Frásögn af bankamálunum verður þó að bíða betri tíma, enda gæti sumt af því flokkast undir bankaleyndarmál, sem við bankamennirnir viljum ekki láta fara víðar. Að minnsta kosti ekki í bili.

– Stefán Jóhann Stefánsson.

Vilja betra samband

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar skora á stjórnvöld að finna leiðir til að koma á betra fjar-skiptasambandi, einkum net- og sjónvarps sambandi í minni byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar. Þá telur bæjarráð ljóst að einkafyrirtæki munu ekki koma á nútíma sambandi án fjárhagslegrar aðkomu ríkisins. Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur átt í viðræðum við forsvarsmenn sjónvarp Símans um málið.



Kerecis innréttar nú verksmiðjuaðstöðu og skrifstofur í húsnæði HG við Eyrargötu.

Framleiðsla hefst í september

Fyrirtækið Kerecis ehf., á Ísafirði er um þessar mundir að flytja starfseminu úr Vestra-húsinu á Ísafirði í húsnæði Hraðfrysti-

hússins Gunnvarar við Eyrargötu. Guðmundur Fr. Sigurjónsson, stjórnarformaður Kerecis, segir félagið vera að hefja fram-

leiðslu og því hafi vantað framleiðsluáðstöðu sem ekki hafi verið fyrir hendi í núverandi húsnæði. Að flutningum loknum

verður hafist handa við framleiðslu á MariCell Footguard kremi fyrir ofurþurrar og sprungnar fætur en prófanir hafa staðið yfir á kreminu undanfarið ár. „Kremið verður selt á fótaaðgerðarstofum og í apótekum. Nýverið fengu allir fótaaðgerðarfræðingar á Íslandi sendar prufur af kreminu og viðtökur hafa verið afskaplega góðar,“ segir Guðmundur.

Þessa dagana eru iðnaðarmenn á fullu við að rífa niður vegg og innréttu verksmiðjuáðstöðu og skrifstofur á nýja staðnum en áætlað er að nýja húsnæðið verði vígt með pompi og prakt í byrjun september. Kerecis fékk nýverið þróunarstyrk frá AVS, rannsóknasjóði í sjávarútvegi, og styrk úr sjóði um atvinnusköpun í sjávarbyggðum. „Styrkirnir nýtast okkur vel í uppbyggingu fé-



Guðmundur Fr. Sigurjónsson stjórnarformaður.

lagsins sem hingað til verið fjármögnuð með hlutafé og styrkjum. Þeir sem lagt hafa fram hlutafé eru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf., Klofningur ehf., og starfsmenn félagsins,“ segir Guðmundur.

– asta@bb.is



Litlabær í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi.

Þéttsetinn bekkurinn

„Hér hefur verið ansi þéttsetið suma daga,“ segir Sigríður Hafliðadóttir, sem hefur umsjón með Litlabæ í Skötufirði. Aðsókn að bænum hefur verið mjög mikil í sumar og er alltaf að aukast. „Hingað komu fleiri gestir í síðasta mánuði en í sama mánuði í fyrra og ég tel að sömu sögu megi segja um júlí þó svo að hann sé ekki alveg búinn,“ segir Sigríður. Hún segir að gestir júnímánaðar hafi að mestu verið útlendingar. „Núna er gestirnir bæði ísenskir og erlendir, kannski ívið fleiri Íslendingar en hingað koma stundum heilu rúturnar af útlendingum og þá er nú þröngt á þingi hér Litlabæ,“ segir Sigríður og

hlær við.

Litlabær í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi var byggður árið 1895 af þeim Finnþóga Péturssyni og Guðfinni Einarssyni. Upphaflega bjuggu þeir báðir í bænum með fjölskyldum sínum. Bærinn var gerður upp á árunum 1998 til 2002 af Þjóðminjasafninu og er opin ferðamönnum. Þegar gestir hafa lokið við að skoða húsið geta þeir sest niður hjá Sigríði og fengið kaffi og gætt sér á gómsætum Litlabæjar vöflum með heimagerðri berjasultu. Einnig hefur Sigríður handverk til sölu sem er eftir hana sjálfa og eiginmann hennar, Kristján Kristjánsson, en þau hjónin eru bændur að

Hvítanesi í Skötufirði.

Sigríði hafa verið færðar góðar gjafir í sumar. „Fólk er að koma með gjafir og það er alveg yndislegt. Meðal þess sem okkur hefur verið gefið er innrammað skjal með nöfnum barna Guðfinns og Halldóru. Einnig fylgdi mynd af Guðrúnu dóttur þeirra Guðfinns og Halldóru og pottur úr búi þeirra hér á Litlabæ. Þá kom hingað Ólafur Þ. Harðarson, forseti félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, ásamt foreldrum sínum, Áslaugu Ólafsdóttur og Herði Zóphaníassonar. Þau færðu safninu ljóðabók eftir Hörð en í henni er meðal annars að finna kvæði um Litlabæ.“ – asta@bb.is

Leikrit sem gerist um borð í skipi

Vetrarstarf Litla leikklúbbsins hefst í loka þessa mánaðar með uppsetningu leikritsins Dampskipið Ísland eftir Kjartan Ragnarsson. Leikstjóri hefur verið ráðinn Halldóra Björnsdóttir, leikkona, sem leikstýrði Sólrísuleikriti MÍ í vor. „Kjartan skrifaði þetta leikrit árið 1991. Það gerist um borð í Dampskipinu Íslandi sem sigldi á milli Kaupmannahafnar og Seyðisfjarðar í kringum 1919. Þetta var á bannárunum á Íslandi en stutt í Charleston-æðið úti í heimi,“ segir Halldóra. Verkið var sýnt í Borgarleikhúsinu í byrjun tíunda áratugarins en Kjartan skrifaði

það fyrir útskriftarhóp Leiklistarskólans það árið.

„Ég veit ekki til þess að það hafi verið sett upp eftir það en þetta er alveg óskaplega sjarmerandi verk með öllum þeim leikhúsævintýrum sem hægt er að hugsa sér, léttleika, humor, söng, dansi og skemmtilegri fléttu. Við fylgjumst allan tímann með fólkinu um borð sem er ansi skrautlegt og margir kynlegir kvistir,“ segir Halldóra.

Tólf leikarar verða í leikverkinu og verða áheyrnarprufur í lok ágúst. Æfingar hefjast svo í september og áætluð frumsýning er í október.



Framhald á skjalaflokkun

Bæjar- og héraðsbókasafnið á Ísafirði og Héraðs-skjalasafn Ísafjarðarbæjar hefjast handa að nýju við skjalaflokkun og skráningu í lok ágúst eða byrjun september. Um er að ræða 4,6 stöðugildi, 2,6 við skráningu fyrir Þjóðskjalasafn Íslands og tvö stöðugildi við flokkun og skráningu skjala á vegum Ísafjarðarbæjar.

„Verkefnið fyrir Þjóðminjasafnið er fjarvinnsla, það er að segja við fáum ekki send skjöl eins og í fyrri verkefnum heldur verður þetta innsláttarvinna,“ segir Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður Bæjar- og héraðsbókasafnsins. Áætlað er að hvort verkefni um sig taki sex mánuði.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins fer vinnan fram í húsnæði leikskólans í Hnífsdal því fyrirtækið Kerecis ehf., er að flytja í það húsnæði sem flokkunin var áður í.

smáar

Óska eftir notaðri þvottavél, ísskáp og eldhúsbordi og stólum. Uppl. í síma 899 4926.

Berjaspretta í seinna lagi

Gera má ráð fyrir að berjaspretta seinki á Vestfjörðum þetta sumarið að sögn Hafðísar Sturlaugsdóttur, langnýtingarfræðings hjá Náttúrustofu Vestfjarða. „Berjauppskeran hefur reyndar verið óvenju snemma á ferðinni undanfarin ár en í ár höfum við bæði fengið kulda í júní og þurrka í júlí sem seinka uppskerunni. Má því búast við að berjaferðum seinki fram í lok ágúst,“ segir

Hafðís. Hún segir ekki um neinn uppskerubrest að ræða og bendir í því sambandi á að upp séu komnir bláberjajaxlar. Jafnframt telur hún að þeir staðir sem snúa á móti suðri og þar sem meiri raki er til staðar, verði uppskeran þokkaleg.

„Ég bjóst jafnvel við að lítið yrði af berjum þetta sumarið en þetta lítur alveg þokkalega út, allavega á þeim stöðum sem hef

hef farið um. Svört krækiber eru byrjuð að sjást en þau eru lítil og þá er eitthvað af aðalbláberjum farin að taka lit,“ segir Hafðís.

Lirfa fiðrildisins birkifeta hefur herjað á berjalyng á Vestfjörðum síðastliðin ár. Hafðís segir að enn sé of snemma að segja til um hvort eða hvernig áhrif lirfunnar verði í ár. „Birkifeti hefur lítið veiðst í fiðrildasöfnun Náttúrustofunnar í sumar

og því getur verið að kuldarnir í vor hafi haft veruleg áhrif á hann.“ Lirfan étur lyngið en hún er á engan hátt hættuleg mönnum. Hinsvegar getur hún farið illa með lyngið. „Þar sem ormurinn hefur verið grasserandi í tvö til þrjú ár í röð, þar er lyngið mjög illa farið og jafnvel dautt. Þar má búast við lítilli sem engri uppskeru,“ segir Hafðís.

– asta@bb.is



Engin trúverðug tilboð

Engin trúverðug tilboð hafa borist í eignir Bakkavíkur hf., í Bolungarvík, en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta í apríl í fyrra. Bygðastofnun hafði lánað félaginu um hálfan milljarð króna og hefur nú leyst nær allar eignir félagsins til sín. Eftir enn eina flækjuna í málefnum þrotabús

Eyrarodda á Flateyri, eru mál þar komin á byrjunarreit eða í hnút, eftir því hvernig lítið er á málin. Þegar kemur að málefnum þrotabús fisk- og rækjuvinnslunnar Bakkavíkur í Bolungarvík er staðan hinsvegar einfaldari. Þar eru engir kaupendur og engin tilboð. Alltént engir kaupendur

sem Bygðastofnun hefur talið líklega til að hefja lífvænlegan rekstur.

Bygðastofnun hefur þegar leyst til sín megnið af eignum félagsins, sem eru hús og stærri tæki, en þrotabúið heldur eftir ýmsum lausamunum. Skiptastjóri segir að hann fari sér hægt

í málinu í þeirri von að hægt verði að selja fyrirtækið í heilu lagi. Fjörutíu manns störfuðu hjá Bakkavík þegar mest var síðasta rekstrarárið, en félagið varð nú ára gamalt. Lán Bygðastofnunar til félagsins námu um hálfum milljarði króna samkvæmt fréttum frá í fyrra. – asta@bb.is

Háir skattar og kreppa

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Skattar hafa verið lagðir á. Það er í þriðja skiptið eftir hrun og nú segja skattahækkunar til sín hjá hinum almenna launamanni, sem ekki lifir af eignatekjum, bótum eða svörtum tekjum, nema hvort tveggja sé. Margt kemur í hugann af þessu tilefni. Einna hæst ber það sem Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri lét hafa eftir sér í fjölmiðlum. Hann sagði að skattlagning nú hefði verið ein sú flóknasta. Engum dylst að þar vísar þessi afbragðs embættismaður til þess að skattkerfið hefur orðið flóknara í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þrjú þrep í tekjuskatti ber þar að sjálfsögðu hæst, en meira kemur til sem of langt mál yrðu upp að telja. Það er nú svo að stjórnmalamennt vísar gjarna til þess þegar hugmyndir um fjölþrepa skattkerfi eru studdar rökum að svo sé það í Danmörku. En eru það nægileg rök?

Engum blandast hugur um það, að þeir sem sinna því oft vanþakkláta starfi fyrir samborgara sína að setja þeim löng eða stýra sveitarfélögum, gera það góðum hug og vilja vel. Eftir hrun bankanna hefur Alþingi átt erfitt verk. Mynduð var ríkisstjórn er hafa skyldi norræna velferð að leiðarljósi og það gladdi marga. Yfirlýst markmið var að breyta hugsunarhætti og síðferði frá því sem hafði tíðkast og margir töldu hafa leitt til þess að nýlega einkavæddir bankar á Íslandi hrundu með hvelli. Enn er greinilega talsvert í land að það mark náist. En aftur að norrænni velferð og sköttum. Það er vissulega

rétt að skattkerfi Dana er margþrepa. En það gleymist að frádráttarliðir eru þar mun fleiri og hafa meira að segja en á Íslandi. Að auki eru bætur velferðarkerfisins þar greiddar óháð sköttum og eru alla jafna mun hærrí en tíðkast á Íslandi. Þar fá barnafjölskyldur greiddar tannlækningar langt umfram það sem gerist á Íslandi. Síðast en ekki síst er vert að minna á, að laun eru mun hærrí á hinum Norðurlöndunum en á Íslandi.

Of snemma er að gleðjast yfir því að Íslendingar séu að vinna sig út úr kreppunni, þótt alltaf sé gott að fá hrós erlendis frá. Halli er mikill á fjárlögum. Valdamenn í stjórnarflokkum deila um það hvort hækka eigi skatta eða ekki. Margir töldu að með upptöku staðgreiðslukerfis skatta á Íslandi 1988 hefði verið komið á einföldu og auðskiljanlegu skattkerfi og það á við sterk rök að styðjast. Síðan hefur verið gripið inn í og ýmsu verið breytt, öllu að sjálfsögðu undir því yfirskini að verið væri að bæta hag skattgreiðenda. Sjaldan hefur þó meiru verið breytt en síðustu tvö ár. Vart er það allt til einföldunar. Og það er ekki nóg að hækka skatta. Þá verður líka að innheimta og gæta verður jafnræðis. Uppi eru efasemdir um að allar breytingarnar hafi verið til góðs og eins hvort ekki sé komið að þannmörkum hins almenna millistéttarborgara.

Hagsmunir heils samfélags í húfi

Eiríkur Finnur Greipsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, segir bæjaryfirvöld leita allra leiða til að fá úrlausn í atvinnumálum Flateyringa. „Allt frá því fregnir af þessu bárust höfum við sett okkur í samband við þá sem koma að þessu máli og reynt að þoka málum áfram og fá einhver svör svo við getum upplýst okkar

fólk á Flateyri um stöðu mála. Auðvitað vilja bæjaryfirvöld leggja sitt af mörkum til þess að leysa þetta mál því svo mikið er í húfi, hagsmunir heils samfélags. Ekki má heldur gleyma stjórnvöldum sem hafa lagt talsvert af mörkum til að leysa þetta mál. Það er búið að byggja upp væntingar, aftur og aftur, um að nú

séu málin að leysast en svo virðist það koðna niður þegar það er komið á lokastig.“

Hann segir það hafa komið bæjaryfirvöldum jafn mikið á óvart og öðrum þegar fregnir bárust af því að Toppfiskur hefði dregið tilboð sitt í eignir þrotabú Eyrarodda á Flateyri til baka. „Ég vissi ekki annað fyrir hálfum



Eiríkur Finnur Greipsson.

mánuði en að það lægi fyrir samkomulag milli bústjóra Lotnu, Toppfisks og kröfuhafa um farsæla lausn þessa máls. Þess vegna kom þetta manni algjörlega í opna skjöldu þegar Toppfiskur dró tilboð sitt til baka. Við þurfum að fá að vita af hverju það gerðist,“ segir Eiríkur.

„Við munum áfram reyna gera allt sem í okkar valdi stendur til að fá niðurstöðu í þetta mál, en við skiljum ekki miðað við þá fundi og símtöl sem við þá sem koma að málinu, af hverju það tekur svona langan tíma að afgreiða þetta mál. Það er endalaust vísað til einhverra lagaflækja, mögulegrar málshöfðunar og svo framvegis. Mér sýnist ekkert tillit tekið til þess hvaða heildarhagsmunir eru í húfi. Hér er heilt samfélag undir sem brennur á meðan málin eru þvæld fram og til baka. Það eru allir agndofa yfir því hvernig hægt sé að gera einföld mál svona flókinn.“

Á undanförunum mánuðum hefur Toppfiskur átt í viðræðum við skiptastjóra þrotabúsins og stærstu veðhafa, Bygðastofnun

og Landsbankann, með það fyrir augum að hefja fiskvinnslu á Flateyri sem allra fyrst. „Ég hef fullvissu fyrir því að eftir að Landsbankinn tók yfir starfsemi SpKef, hafi hann lagt á það ríka áherslu að vinna þannig úr málum að hægt verði að koma upp öflugri starfsemi á Flateyri. Sama hef ég heyrt hjá Bygðastofnun. Báðir þessir aðilar hafa viljað finna lausn sem tryggir hagsmuni alls samfélagsins, heildarinnar. Þetta er það sem er svo skrítið í þessu máli að ég hef ekki séð annað en að hlutaðeigandi aðilar hafi lagt sig fram um að leysa þessi mál. En enn eru þau í pattstöðu eða jafnvel verri stöðu en þau voru í upphafi, sem er gjör-samlega óskiljanlegt. Það eru allir agndofa yfir þessu,“ segir Eiríkur.

Sjálfur er Eiríkur búsettur á Flateyri og því innir blaðamaður hann eftir svörum um hvernig andinn sé meðal fólksins í þorpinu. „Það geta flestir gert sér í hugarlund hvernig það er að vera í þeirri stöðu að vera atvinnulaus og vilja komast í öruggt skjól atvinnu til að eiga ofan í sig og á en sjá ekki fram á lausn mála. Það hlýtur að vera fullkomlega eðlilegt að fólkið sem þarna hefur misst vinnuna vilji leita sér að öruggri framtíðarvinnu,“ segir hann. „Þessir 42 aðilar sem fengu uppsagnarbref fyrir ári síðan eru ekki að sjá að þeir fái vinnu þarna aftur á næstu vikum og mánuðum. Til viðbótar þessu hefur Toppfiskur sagt upp sínu starfsfólki sem hlýtur einnig að vera í uppnámi yfir sinni framtíð.“

– thelma@bb.is



Bátinum var gefið sitt gamla nafn á ný við hátíðlega athöfn.

Gunnar fær nýtt hlutverk

Rækjubáturinn Gunnar Sigurðsson ÍS hefur fengið nýtt hlutverk en ætlunin er að hann verði nýttur í nýrri ferðaþjónustu á Ísafirði næsta sumar. „Hugmyndin er að fara með fólk á skak upp á gamla mátann. Um síðustu helgi var tekin prufukeysrsla á þetta og þá buðum við upp á siglingar,“ segir Jón Þór Þorleifsson sem er í áhöfn bátsins ásamt Þorsteini Jónínusyni. Um samvinnuverkefni Skútufurða og Bygðasafnsins er að ræða. Í vor er svo ætlunin í samstarfi við

Bygðasafnið, sem er eigandi bátsins, að fara með fólk í siglingu og skak og fara svo í Tjörúhúsið og snæða þar.“ Jón Þór segir hugmyndina hafa fengið mjög góð viðbrögð. „Fólk er mjög spennat að komast á skak og ná sér í soðið.“

Bátinum var endurgefið nafn sitt við hátíðlega athöfn á fimmtudag í síðustu viku en hann bar nafnið Magnús KE áður. Í tilefni nafngiftarinnar var síðan siglt um Pollinn undir stjórn Rafns Oddssonar en báturinn var lengst af í hans eigu. Hann stundaði á bát-

um rækjuveiðar til ársins 1999. Það var eiginkona Rafns, Sigprúður Gunnarsdóttir, sem gaf bátinum sitt upprunalega nafn og séra Fjölfnir Ásbjörnsson vígði bátinn. Báturinn hefur farið víða frá því hann fór frá Ísafirði, m.a. til Drangsness, Ólafsvíkur og Keflavíkur, þar sem hann var síðast. Síðustu eigendur bátsins, Eling B. Ingimundarson og Þórarinn Ingi Ingason, notuðu bátinn í skemmtisiglingar um nokkurra ára skeið.

– thelma@bb.is



Rafn Oddsson ásamt þeim Þorsteini Jónínusyni og Jóni Þór Þorleifssyni.

ATVINNA Í BOÐI

Íslenska Gámafélagið leitar að vélstjóra og stýrimanni á sanddæluskipið Skandia.

Umsóknir og nánari upplýsingar óskast á netfangið helga@igf.is





Björgunaræfing á Pollinum í Skutulsfirði

Áhöfn þyrlunnar TF GNÁ æfði sig á Pollinum í Skutulsfirði í síðustu viku. Um var að ræða hefðbundna æfingu hjá Gæslunni. „Hver áhafnarmeðlimur þarf að gera ákveðnar æfingar á þriggja mánaða fresti. Til þess að halda áhöfnum okkar við þá erum við að gera þetta allavega einu sinni viku á ýmsum stöðum á landinu og við reynum að æfa þetta með björgunarsveitunum í leiðinni. Það hafa allir gott af því að æfa þetta reglulega,“ segir Auðunn Kristinsson, stýri- og sigmaður hjá Landhelgisgæslunni, en hann tók þátt í æfingunni.

Talsverður fjöldi fólks safnaðist saman til að fylgjast með æfingunni enda ekki á hverjum degi sem tækifæri gefst til að fylgjast með störfum björgunaryrllu í návígi. Félagar í Björgunarfélagi Ísafjarðar tóku þátt í æfingunni og áttu þátt í að skipuleggja hana. Sigmaðurinn sást ítrekað síga niður í björgunarskipið Gunnar Friðriksson og í björgunarbát. Eftir að sigmenn þyrlunnar höfðu sigið nokkrum sinnum niður á Pollinum færði þyrlan sig yfir á Suðurtanga þar sem hundar og menn úr Björgunarsveit Íslands voru þjálfaðir í sigi.

Að sögn Auðar Yngvadóttur hjá Björgunarsveit Íslands var um að ræða tvo reynda útkallshunda og einn unghund. Mikilvægt er að venja hundana við þyrlur og þann hávaða sem þeim fylgir. Hundarnir eru til dæmis notaðir í leit á snjóflóðasvæðum sem oft er ekki hægt að komast að nema með þyrlu. „Æfing gekk mjög vel og viljum við bara koma á framfæri þökkum til áhafnar TF GNÁ fyrir gott samstarf,“ segir Auður, en þetta var í þriðja sinn sem Björgunarfélag Ísafjarðar æfir með Landhelgisgæslunni.

— asta@bb.is



Aukin verkefni hjá At-Vest

Aukning varð í fjölda verkefna hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða á síðasta ári að því er fram kemur í ársskýrslu félagsins.

Ráðgjöf til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga dróst saman en stærri verkefnum fjölgaði auk þess sem verkefni Vaxtarsam-

ings Vestfjarða voru viðameiri en áður. Á síðasta ári veittu starfsmenn félagsins 92 einstaklingum og fyrirtækjum ráðgjöf. Verkefniin fólust í gerð rekstraráætlana, upplýsingaöflun, samningagerð og aðstoð vegna kaupa á kvóta eða bátum, mótun hugmynda, vörupróun og ráðgjöf varðandi markaðssetningu.

Verkefnum félagsins er skipt niður í fjóra flokka; ráðgjöf, sérverkefni og innri mál sem felast í miðlun upplýsinga, kynningarheimsóknunum og kynningu á starfsemi félagsins. Atvinnuþróunarfélagið fæst við ýmis verkefni sem ekki teljast viðskiptaráðgjöf en falla engu að síður að megin markmiðum félagsins. Af þeim

verkefnum sem unnin voru á síðasta ári má nefna stefnumótun fyrir Ferðamálasamtök Vestfjarða í samvinnu við samtökin, stefnumótun í atvinnumálum í Ísafjarðarbæ og hegðunarrannsókn meðal ferðamanna á Vestfjörðum sem unnin var í samstarfi við Markaðsstofu Vestfjarða og Vaxtarsamning Vestfjarða.




Þökkum öllu því yndislega fólki sem sýndi okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

Sigríðar Guðrúnar Guðjónsdóttir
Eyragötu 8, Ísafirði

Sérstakar þakkir fær starfsfólk öldrunardeildar Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða fyrir einstaka góðvild og natni í umönnun

Sigurjón Ebeneser Hallgrímsson

Guðbjörg Þorsteinsdóttir	Þorgeir Hafsteinsson
Bjarki Bjarnason	Árný Björg Halldórsdóttir
Sigurjón Kristinn Sigurjónsson	Svanlaug Guðnadóttir
Hallgrímur Magnús Sigurjónsson	Jóhanna Einarsdóttir
Guðfinna Sigurjónsdóttir	Trausti Sigurgeirsson
Sigríður Jóna Sigurjónsdóttir	Steingrímur Einarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Nýtt ísfirskt fyrirtæki

Salóme Elín Ingólfssdóttir, matvæla- og næringarfræðingur, hefur verið ráðin verkefnastjóri hjá ísfirska sprotafyrirtækinu Arc-Tract ehf. sem stofnað var fyrir í sumar. Markmið fyrirtækisins að framleiða og selja fiskikraft úr fiskiafgöngum og vannýttum fisktegundum en fiskikraftinn má m.a. nota í sjávarrétti og súpur til

að gefa sterkara fiskibrag. Fyrirtækið fyrirhugar að selji bæði vörur sínar í neytendaumbúðum og í magnumbúðum fyrir framleiðendur á tilbúnum fiskréttum. Stærsti hluthafinn í félaginu er Klofningur ehf., á Suðureyri en félagið mun m.a. byggja á þeirri miklu þekkingu sem þar hefur orðið til undanfarin ár við

fiskpurkun og vinnslu. Auk samstarfs við Klofning ehf., er fyrirtækið í samvinnu við Hraðfrystihúsið - Gunnvöru hf, AVS rannsóknarsjóð í sjávarútvegi og Átaksverkefnið um atvinnusköpun í sjávarbyggðum. Ístjórn Arc-Tract eru Guðmundur F. Sigurjónsson, Guðni A. Einarsson og Kristján G. Jóakimsson.

Átak gegn lúpínu og skógarkerfli

Hafið er átak í Ísafjarðarbæ til að reyna að hefna útbreiðslu lúpínu og skógarkerfils. Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar, segir að um margra ára verkfni sé að ræða. „Það er afar erfitt að reyna að útrýma lúpínu og skógarkerfli. Við erum byrjaðir að taka fyrir smá svæði en samkvæmt kortlagningu sem var gerð á síðasta ári er um að ræða allavega 250 hektara þar sem þessar plöntur eru útbreiddar og er það mjög gróflaga áætlað,“ segir Ralf.

„Við þurfum að gera þetta smátt og smátt þar sem það einfaldlega ekki til mannskapur eða fjármagn til að ráðast í þetta af öllu afli. Svo tekur það mörg ár að taka hvert svæði fyrir þar sem fræin eru í jarðveginum og koma því upp aftur að ári þegar þeim hefur verið eytt. Fræin geta legið í dvala í moldinni í mörg ár. Þess vegna þyrfti helst að koma einhverju upp í staðinn, eins og til dæmis birkiskóg.“

Svæði hafa verið slegin og eitruð á Þingeyri í sumar en einnig hafa farið um sveitarfélagið og

upprættar einstaklingsplöntur svo þær nái ekki að breiða úr sér. Til að byrja með var lúpína notuð til að bæta jarðveg en hún bindur nitur úr lofti og býr þar til köfnunarríkan jarðveg. Fyrir vikið verður jarðvegurinn fjórri og var því lúpína notuð til að rækta land sem voru í órækt. Skógarkerfillinn nýtir sér svo niturríkan jarðveg og því kemst kerfil inn í lúpínubreiður. En þar sem lúpína breiðist fljótt út var ákveðið að reyna sporna gegn útbreiðslunni.

Landgræðsla ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa lagt fram tillögur sem miða að því að takmarka tjón af völdum alaskalúpínu og skógarkerfils í íslenskri náttúru en jafnframt að nýta kosti lúpínu við landgræðslu á rýrum svæðum. Í skýrslu sem Landgræðsla ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands gáfu út á síðasta ári segir að alaskalúpína og skógarkerfill eru fyrstu dæmin um ágengar framandi plöntutegundir sem breiðast út hér á landi og ógna líffræðilegri fjölbreytni.

Margir hafa kvartað yfir því að kerfill og lúpínur fari yfir í



Breiður af skógarkerfli eru ofan Ísafjarðar.

garða og lóðir þeirra. Ralf hvetur lóðareigendur að þegar skógarkerfli er útrýmt að fara einnig örlítið út fyrir utan girðingar til að sporna gegn því að kerfillinn fari yfir á lóðir þeirra. Þá biður

hann fólk um að henda lúpínu og kerfli eftir slátt hjá Funa en alls ekki henda þeim á víðavang og þannig stuðla að frekari útbreiðslu plantanna. Vitað er um dæmi þar sem lúpínu og kerfli er kastað

í brekkum og bak við hóla og þar komi upp vandamál í kjölfarið.

Þá hvetur hann fólk til að taka einstaklingsplöntur sem verða á vegi þeirra til að aðstoða við heftingu útbreiðslunnar.

Harðfisksetur sett upp á Flateyri!

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að afhenda Minjasjóði Öfundarfjarðar gamla pakkhúsið á Flateyrorodda til varðveislu, viðhalds og notkunar. Á síðasta fundi ráðsins var tekið fyrir bréf frá sjóðnum er varðar flutning og fyrirhugaða staðsetningu þess og framtíðarnotkun. Fyrirhugað er að opna harðfisksetur í húsinu. Að sögn Jóhönnu Kristjánsdóttur, formanns sjóðsins, er sú vinna á byrjunarstigi og eingöngu hægt

að segja að hugmyndavinnan sé búin. Ráðgert er að vinna við húsið hefjist af fullum krafti eftir að það hefur verið flutt.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar samþykkti fyrir fjórum árum að pakkhúsið á Flateyri yrði fært af athafnarsvæði á Flateyrorodda yfir á lóð Hafnarstrætis 2 á Flateyri. Enn hefur þó ekki orðið af því þrátt fyrir að veittur hafi verið styrkur frá AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi til þeirrar

framkvæmdar.

Svarta pakkhúsið er líklega elsta húsið á Flateyri, en það ku vera byggt um miðja 19. öld. Upphaflega tilheyrði húsið verslun Hjálmars Jónssonar og Torfa Halldórssonar. Í aðalskipulagi hefur húsinu verið afmarkaður staður neðarlega við Hafnarstræti en þar gæti það orðið hluti af umhverfi sem hugmynd er um að þróa í samræmi við menningartengda ferðapjónustu. Við

Hafnarstrætið má finna gömlu bókabúð þorpsins, en þar er nú safn. Einnig er alþjóðlegt brúðusafn til húsa við Hafnarstrætið, nánar tiltekið í Félagsbæ. Vonast er til að pakkhúsið og umhverfi þess geti nýst sem safnhús og staður þar sem menningartengd starfsemi fer fram að sumarlagi.

Pakkhúsið var notað fram á síðari hluta 20. aldar. Tillögur um samvinnu við Ísafjarðarbæ og Minjasjóðs Öfundarfjarðar

um flutning hússins voru sendar til bæjarstjórnar í febrúar en málinu vísað til Bygðasafns Vestfjarða. Í stjórn Bygðasafns var málið á dagskrá 27. mars og er þar bókað að tekið væri undir hugmyndir um að flytja húsið, finna því nýjan stað við Hafnarstræti gegnt húsi nr. 1 og pakkhúsinu fundið hlutverk í tengslum við menningartengda ferðapjónustu. Húsið er um 45 fermetrar. – thelma@bb.is

Sælkeri vikunnar er María Daniun í Súðavík

Pólsk jólakaka og grískur fiskréttur

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo rétti sem hafa verið í fjölskyldu hennar í langan tíma. Kökuuppskriftin er 25-30 ára en þessi ljúffenga kaka er aðeins bökuð fyrir jólin. Fiskuppskriftin er einnig gömul en þrátt fyrir nafnið hefur rétturinn ekki grískan uppruna. Hann er auðveldur í framkvæmd og hollur. Venjulega er rétturinn matreiddur með sjávarfiski en er einnig ljúffengur með silungi. Bragðið kemur aðallega úr súrsætu sósunni og því skiptir ekki öllu máli hvaða fiskur er notaður.

Pólsk jólakaka

5egg
150g sykur
300g hveiti
150g smjör
1 teskeið lyftiduft
300-400 g þurrkaðir ávextir t.d. hnetur, rúsínur, döðlur, apríkösur og appelsínubörkur. Skorið í litla bita.

Setjið smjör, egg og sykur í skál og blandið því öllu saman hægt og rólega, setjið síðan þurrefni og ávexti í skálina blandið því vel saman líka. Setjið


bökunarpappír í form og blönduna í formið. Bakið í 55-60 mínútur í 180 °C.

Grískur fiskiréttur

Sósan
500 g fiskur - flök af ýsu eða þorski
60 g olfa
2 laukur
Grænmeti
2 gulrætur
Steinselja
Stykki af selleri
Nokkrar matskeiðar af tómatmaki eða 2 þroskaðir tómatar

Salt
Pipar
Sítrónusafi

Skerið flökin í jafna bita, sprautið með sítrónusafa, saltið og piprið og geymið á köldum stað. Flysjið og rífið grænmetið niður í smá bita. Setjið tómataana í smá stund í sjóðandi vatn og afhýðið og skerið í bita. Skerið laukinn í ræmur. Steikið fiskinn upp úr helmingnum af olíunni. Steikið svo grænmetið upp úr restinni af olíunni og bætið við hálfum bolla af vatni og tómtum og eldið í 30 mínútur. Kryddið.



Þar með er sósan komin fyrir fiskinn. Setjið grænmetið og fiskflökin út í og látið sjóða í 5-8 mínútur.

Ég skora á Önnu Berit að vera næsti sælkeri vikunnar.



Vinur við veginn

20% afsláttur af gasi í sumar

Hrefna Rósa Sætran, yfirkokkur
og eigandi Fiskmarkaðarins,
notar Smellugas frá Olís.



Smellugas

Þegar þú skilar inn tómunum 9 kg stálkút,
færðu 11 kg stálkút fylltan með gasi á aðeins

4.380 kr.

með 20% AFSLÆTTI AF INNIHALDI



20% AFSLÁTTUR AF GASÍ Í 2-11 kg STÁL- OG TREFJAKÚTUM

Á síðasta ári innleiddi Olís **Smellugas** sem er einfalt og þægilegt kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn - honum er einfaldlega smeltt á. **Þú færð þrýstijafnarann þér að kostnaðarlausu á næstu Olís-stöð.**

Nánari upplýsingar fást á smellugas.is, í síma 515 1100 og á næstu Olís-stöð.



Smellugas fyrir grillið, útileguna og heimilið!



Olís Ísafirði sími 456 3245 | Olís Bolungarvík sími 456 7990